

44. fundur skipulags- og byggingarnefndar

FUNDARGERÐ

11. maí 2023
Breiðabliki kl. 11:00

Mætt voru:

Próstur Aðalbjarnarson, Hrefna Birkisdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir í stað Atla Sveins Svanssonar, Kristín Þorleifsdóttir Skipulagsfulltrúi og Þuríður Gía Jóhannesdóttir, starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Mál til afgreiðslu

1. Brekka við Brekkuhól - stofnun lóðar

Lögð er fram að nýju umsókn um stofnun lóðarinnar Brekku við Brekkuhól (L-235514) í landi Borgarholts þar sem lóðarmörk hafa verið aðlöguð núgildandi sveitarfélagamörkum í samræmi við niðurstöðu fundar fulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar og landeigenda.

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lóðarinnar Brekku úr jörðinni Borgarholts og leggur til að hreppsnefnd samþykki stofnun lóðarinnar.

2. Deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð og hesthús við Laugargerði

Lagðar eru fram til afgreiðslu viðbótarumsagnir sem óskað hefur verið eftir sbr. ábendingu Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila eftir auglýsingu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. ásamt tillögu skipulagsfulltrúa að svörum við athugasemdum.

Jafnframt er lögð fram til kynningar undanþága frá Innviðaráðuneyti vegna ákvæða skipulagsreglugerðar, sbr. 2. mgr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um nálægð íbúðarbyggðar og hesthúsa við Þjóðveg sbr. lið d í gr. 5.3.2.5. um fjarlægð milli bygginga og vega og gr. 5.3.2.14. gr um skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd hefur yfirfarið framlögð gögn. Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og formanni skipulags- og byggingarnefndar nefndar falið að vinna greinargerð um málið og leggja fyrir hreppsnefnd.

3. Brekka við Brekkuhól - framkvæmdaleyfi fyrir veg

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vegi að nýbyggingu í landi Brekku við Brekkuhól (L-235514) í landi Borgarholts. Vegurinn er að mestu byggður ofan á vegslóða sem var til staðar á svæðinu áður.

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd hefur kynnt sér fylgigögn sem vísað er til í umsókn um framkvæmdaleyfi. Nefndin samþykkir framkvæmdaleyfi, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 772/2012. Máli vísað til staðfestingar hreppsnefndar.

4. Brekka við Brekkuhól - framkvæmdaleyfi fyrir vegslóða

Lögð er fram til afgreiðslu umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vegslóða í landi Brekku við Brekkuhól (L-235514) í landi Borgarholts. Vegslóðinn er að mestu byggður ofan á slóða sem var til staðar á svæðinu áður.

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd hefur kynnt sér fylgigögn sem vísað er til í umsókn um framkvæmdaleyfi. Nefndin samþykkir framkvæmdaleyfi, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 772/2012. Máli vísað til staðfestingar hreppsnefndar.

5. Vegamót - starfsmannahús, stækkun

Lagðar fram til kynningar nýjar teikningar af starfsmannahúsi við Vegamót. Um er að ræða síðasta hluta einingarinnar, en hún er stærri en sýnt var á upprunalegum teikningum.

Byggingarfulltrúi hefur farið yfir teikningarnar ásamt slökkviliðsstjóra og gera ekki athugasemdir við stækkunina.

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að endurútgefa byggingarheimild, að uppfylltum skilyrðum 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, m.s.br.

6. Umsókn um stöðuleyfi fyrir matarvagn

Lögð er fram umsókn Helix ehf. um stöðuleyfi fyrir matarvagn að Breiðabliki fyrir sumarið 2023.

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir matarvagn sumarið 2023, eða til 1. október 2023. Nefndin felur umhverfis- og skipulagssviði að gefa út stöðuleyfi í samræmi við gjaldskrá og samþykka um götu- og torgsölu í Eyja- og Miklaholtshrepp.

7. Átaksverkefni vegna óleyfisframkvæmda í sveitarfélaginu þ.m.t. skortur á byggingarleyfum eða -heimildum, stöðuleyfum og framkvæmdaleyfum. Sviðsstjóri gerir grein fyrir stöðu mála og fyrirhuguðu verkefni

Bókun: Skipulags- og byggingarnefnd felur umhverfis- og skipulagssviði að afla frekari gagna varðandi óleyfisframkvæmdir í sveitarfélaginu og leggja fram tillögu að viðbrögðum.

Önnur mál í vinnslu á Umhverfis- og skipulagssviði (taka út)

Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 12.50